

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu
lækningaleyfis og sérfræðileyfa.**

1. gr.

4. gr. XVI. 1. orðist svo:

1. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í barnalækningum og einni hliðargrein þeirra, þar með taldar barnageðlækningar, Skilyrði eru tími í aðalgrein, skv. II, 1, a, b og c og hliðargrein skv. II, 2, c og þar að auki tími skv. II, 2, d.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

31. mars 1980.

Nr. 209.

SAMÞYKKT**fyrir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Staðarár og Hagavatns. Heimili þess og varnarþing er á Neðrahóli í Staðarsveit.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vatnasvæði Staðarár og Hagavatns, en þær eru: Ytra-Lágafell, Elliði, Bergsholt, Brautarholt, Furubrekka, Foss, Ölkelda, Ölkelda II, Alftavatn, Lindarbrekka, Efrihóll, Slítandastaðir (tvíþýli), (sumarbústaðir í landi Ölkeldu), Krossar, Arnartunga, Staðastaður, Traðir, Glaumbær, Neðrihóll, Syðritunga, Ytritunga, Kirkjuhóll, Hagi, Hagasel og Þorgeirsfell.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur samþykkir. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.